| | | |
|---|---|---|
| GAT-050<br>Útgáfa: 03<br>Dags.: 22.09.2021<br>Höfundur: GV<br>Samþykkt: GE<br>Síða 1 af 2 | **Menntaskólinn í Kópavogi**<br>**Fundargerð Skólanefndar #1**<br>**25.september 2024** | |

| |
|---|
| **Mættir**: Guðmundur Birkir, Guðríður, Eysteinn, Ingibjörg, Steinþór, Svandís, Gerður, Tinna og Írena |
| **Forfallaðir**: |
| **Staður og tími**: Fundarherbergi N-101, kl. 12:00 25.09.2024 |
| **Fundarefni**: |

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| **Efnisatriði** | **Ábyrgð/dags. lokið ef við á**: |
|---|---|
| 1.<br>Fjármál skólans: Elísabet fjármálastjóri fór yfir fjármál skólans. | |
| 2.<br>Starfsmannabreytingar: Vegna fjölda nemenda var þriðji námsráðgjafinn ráðinn. Vegna stækkunar á starfsbraut voru tveir nýir starfsmenn ráðnir, einn sérkennari og einn þroskaþjálfi. | |
| 3.<br>Foreldrafélag: Stjórnendur vilja virkja foreldraráð MK og fá fleiri foreldra með. Í fyrsta sinn var valfrjálsri greiðslu bætt við hjá forráðamönnum barna undir 18 ára. Þessi greiðsla er 1.000 kr. og munu stjórnendur MK leita til  foreldraráðs til að ráðstafa þessu fé í forvarnir. | |
| 4.<br>Írena formaður nemendafélags NMK sagði frá félagslífinu en fyrstu viðburðirnir hafa gengið mjög vel þ.e. nýnemaball, nýnemakvöld, nýnemaferð o.fl. Írena fjallaði einnig um samstarf við félagsmiðstöðina Molann. Hugmyndir hafa komið frá nýnemum um spilakvöld o.fl. í molanum. | |
| 5. | |

| | |
|---|---|
| Umhverfisfulltrúi hefur nú fengið nokkra starfsmenn með sér í umhverfisnefnd og vinnur nefndin stíft að því að fá þriðja græna skrefið. Auk þess á að taka þátt í grænafánaverkefni með Landvernd. | |
| 6. Leiðsöguskólinn: Ný námskrá er í vinnslu en verið er að skrá hana í námskrágrunn. | |
| 7. Afrekið: nýir samningar hafa verið gerðir við íþróttafélögin en gott samstarf er við þau. | |
| 8. Önnur mál: Engin önnur mál | |

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:00**
**Fundargerð hélt: Guðríður Hrund**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026